

Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 24.11. 2014, var eftirfarandi bókun gerð:

201411117 - Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. nóv. 2014 með umsagnarbeiðni við tillögu til þingsályktunar.

Bæjarráð vísar í fyrri athugasemdir varðandi hugmyndir um fjölgun millilandaflugvalla.

201302014 - Frumvarp til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174.mál /Til umsagnar

Lagður fram tölvupóstur frá Kristjönu Benediktsdóttur, hjá nefndarsviði Alþingis, dagsettur 4. febrúar 2013, með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174.mál

Bæjarráð Fljótsdalshérað telur þá hugmynd sem fram kemur í tillögunni allsendis ótímabæra og að skynsamlegra og hagkvæmara sé að nýta það fjármagn sem til staðar er til að byggja upp, styrkja og markaðssetja þá millilandaflugvelli sem þegar eru í landinu.

Með kveðju

Fh. Fljótsdalahéraðs
Stefán Bragason

5. desember 2014

Hér sendist bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 4. desember s.l. vegna umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um tillögu um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll..

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.

Sveitarstjórn fagnar uppbyggingu flugvalla á landsbyggðinni og að auka nýtingarmöguleika þeirra.



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

31. október 2014

Þingskjal 123 – 121. mál

Almennt

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) gerir ekki sérstakar athugasemdir við þingsályktunartillöguna en ítrekar ályktun aðalfundar síns frá því í september 2014.

Egilsstaðaflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 lýsir yfir vilja til að taka þátt í þeirri nauðsynlegu stefnumörkun sem þarf að eiga sér stað í íslenski ferðaþjónustu. Fjölgun ferðamanna og álag á ferðamannastaði á sunnanverðu landinu sem og á Keflavíkurflugvöll hefur náð þolmörkum og því brýnt að leita lausna til framtíðar. Fundurinn bendir á Egilsstaðaflugvöll sem augljósa aðra fluggátt inn í landið og rökréttan hluta af þeirri heildarlausn sem nauðsynleg er í málefnum ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að búa flugvöllinn, sem er varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar, þannig úr garði að hann uppfylli kröfur um þjónustustig vegna aukinnar umferðar. Brýnt er að ríkið tryggi nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða og um leið að ríkið móti sér framtíðarstefnu um Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll. Áfram verði unnið að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar á þeim grunni sem kynntur var á fundinum.

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.01.2015
1411585 SHK

Efni: 121. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis - Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll

Almennt

Í umræddi tillögu til þingsályktunar er lagt til að Samgöngustofu verði sem fyrst falið að leita leiða til þess að flugvellirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði verði áfram lendingarstaðir enda þótt takmarkað millilandaflug verði heimilað til þessara flugvalla.

Umsögn Samgöngustofu

Samgöngustofa óskar eftir að koma að eftirfarandi athugasemdum við umrædda þingsályktunartillögu í tengslum við efnisatriði þeirra tveggja reglugerða sem Samgöngustofa hefur eftirlit með, þ.e. reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og reglugerð nr. 985/2011 um flugvernd;

1. Í fyrsta lagi vill Samgöngustofa benda á að í 4. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli er kveðið á um að millilandaflugvelli sem skilgreindir eru sem landamærastöð og aðaltollhöfn skuli uppfylla skilyrði um flugvelli í flokki "flugvöllur I", sbr. II. hluta reglugerðarinnar.

Í dag eru flugvellirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði skilgreindir sem skráðir lendingarstaðir, skv. IV. hluta reglugerðarinnar. Millilandaflug getur þannig ekki farið fram á flugvöllum sem skilgreindir eru sem skráðir lendingarstaðir að óbreyttum framangreindum ákvæðum reglugerðarinnar.

2. Í öðru lagi vill Samgöngustofa taka fram að reglugerð nr. 985/2011 um flugvernd, kveður á um flugverndarráðstafanir sem gera þarf vegna flugs. Eins og kunnugt er, er í gildi undanþága frá flugverndarráðstöfunum vegna innanlandsflugs á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 sem tekin var upp í 2. gr. reglugerðar nr. 985/2011. Hvað varðar millilandaflug gilda hins vegar Evrópureglur um flugvernd, sem innleiddar eru með reglugerð nr. 985/2011, ásamt síðari breytingum. Samgöngustofa telur það ekki koma skýrt fram í tillögunni hvort að lagt er til að beitt verði "fullum" flugverndarráðstöfunum eða "takmörkuðum" flugverndarráðstöfunum á flugvöllum á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, eða hvort lagt er til að alls engum flugverndarráðstöfunum verði beitt. Um framangreindar skilgreiningar á flugverndarráðstöfunum vísast til greinargerðar Flugstoða um sama efni frá 2008.

Þessu til viðbótar telur Samgöngustofa rétt að nefna að fari svo að flugverndarráðstöfunum verði beitt á fleiri stöðum á landinu en verið hefur, telur stofnunin að erfðara verði að rökstyðja áframhaldandi heimild til að beita sérstækum flugverndarráðstöfunum í innanlandsflugi. Þetta stafir meðal annars af því að helstu rök í umsókn Íslands um undanþágu voru að erfitt og dýrt væri að koma upp flugverndarráðstöfunum í innanlandsflugi m.a.vegna smæðar loftfara og fámennis. Þá telur

Samgöngustofa rétt að nefna að í umræddri umsókn um undanþágu kom fram að fullur aðskilnaður yrði á milli innanlandsflugs og millilandaflugs.

Til viðbótar þeim sjónarmiðum sem að framan eru rakin telur Samgöngustofa að til þess að fela stofnuninni það verkefni sem lagt er til með umræddri tillögu til þingsályktunar þurfi að skýra betur eftirfarandi atriði:

- Upplýsingar um tegund þeirra flugvéla sem nota á í fyrirhuguðu millilandaflugi
- Tíðni, hreyfingar og áfangastaðir fyrirhugaðs millilandaflugs
- Er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum og mannafla til Samgöngustofu við það verkefni sem lagt er til?
- Hvers konar flugverndarráðstöfunum er lagt til að beitt sé?
- Hefur verið gert ráð fyrir breytingu í gjaldskrá Samgöngustofu vegna aukinnar vinnu stofnunarinnar við eftirlit?
- Er gert ráð fyrir að aðrir flugvellir sem eru í dag skilgreindir sem „skráður landingarstaður“ muni einnig óska eftir því að vera með takmarkað millilandaflug, s.s. Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur?

Virðingarfyllt



Reynir Sigurðsson

Framkvæmdastjóri mannvirkja – og leiðsöguviðs

27. nóvember 2014

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 27. nóvember var tekin fyrir beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar tekur undir tillöguna og telur að millilandaflug frá fleiri stöðum á landinu sé vel fallið til þess að styrkja landsbyggðina.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 5. desember 2014
erindi nr. 201411070 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Til umsagnar 121. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Á 2993. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 4.12.2014, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Bæjarráð lýsir sig fylgjandi tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðaflugvöll.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,


Fjöla Margrét Róbertsdóttir
Þjónustufulltrúi

